

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Rúnar Inga Björnsson, Sauðárkróki, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. mars 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Rúnar Inga Björnsson, Sauðárkróki
fæddan 21. febrúar 1965 — dáinn 16. ágúst 1980.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Rúnars Inga Björnssonar, er lést af slysförum hinn 16. ágúst 1980.

Sjóðurinn er í vörslu ungmennafélagsins Tindastóls, Sauðárkróki.

2. gr.

Stofnendur eru foreldrar hins látna og systkini, Lilja Ingimarsdóttir, Björn Bjarnason, Linda Björnsdóttir og Smári Björnsson, Grundarstíg 18, Sauðárkróki.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og göfga íþróttastarfið hjá ungmennafélaginu Tindastól, jafnframt að veita úr honum styrk þeim unglingum sem á einn eða annan hátt skara fram úr á sviði íþróttar, t. d. með því að senda þau í æfingabúðir, veita verðlaun fyrir íþróttafrek eða á annan hátt sem sjóðsstjórn álitur örvandi fyrir íþróttastarf á Sauðárkróki.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum: formanni Ungmennafélagsins Tindastóls sem skal vera sjóðsformaður, sóknarprestinum á Sauðárkróki og íþróttakennara við Grunnskólann á Sauðárkróki. Til vara skólastjóri Grunnskólans á Sauðárkróki sem taka skal sæti í stjórninni ef annar hvor, sóknarpresturinn eða íþróttakennarinn er formaður Umf. Tindastóls.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 12 955.00, og hann má aldrei skerða. Höfuðstólinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Sauðárkróki á tryggan hátt, t. d. á verðtryggðum sparireikningi, með verðtryggðum spariskírteinum eða á annan tryggilegan hátt.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal sjá um að ávaxta fé sjóðsins á sem hagkvæmastan hátt hverju sinni sbr. 5. gr. og fara með málefni hans samkvæmt skipulagsskrá þessari. Ráðstöfunarfé sjóðsstjórnar eru vextir og verðbætur af höfuðstól, gjafir til sjóðsins og vextir af þeim.

Stjórnin skal halda gerðabók yfir störf sín og skila skýrslu þar um til aðalfundar Umf. Tindastóls ár hvert.

Reikningsár sjóðsins skal vera hið sama og Ungmennafélagsins Tindastóls og skulu reikningar samþykktir á aðalfundi Umf. Tindastóls á sama hátt og reikningar félagsins.

7. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu samþykktar af aðalfundi Ungmennafélagsins Tindastóls og gerðar með samþykki og staðfestingu nánustu ættingja Rúnars Inga eða erfingja þeirra.